

Hrafnæping

kennsluleiðbeiningar

UM LÖGIN

Þessi útsetning er sett saman úr þremur lögum sem öll fjalla um hrafninn á einn eða annan hátt.

Krummi krunkar úti er skrifað upp eftir minni með hliðsjón af uppskrift Bjarna Þorsteinssonar sem lærði það af Ólafi Davíðssyni á Hofi árið 1903.

<https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-49e33a59-3996-479b-b52a-02af10e22a95>

Krummakvæði er skrifað upp úr Íslenskum þjóðlögum Bjarna Þorsteinssonar sem hafði það eftir síra Sigtryggi Guðlaugssyni frá Þóroddsstöðum í Köldukinn. Sigtryggur lærði kvæðið ungur af foreldrum sínum í Eyjafirði.

<https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-4e56733d-4dbd-4882-9587-dd5e53bf149c>

Textinn er hér tekinn upp úr uppskrift Bjarna en til eru fleiri erindi og tilbrigði sem gaman er að skoða. Hér er *Krummakvæði hið lengra* úr kvæðabók Gunnlaugs Jónssonar á Skuggabjörgum: <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=4647>

Krummi svaf í klettagjá er skrifað upp eftir minni með hliðsjón af uppskrift Bjarna Þorsteinssonar sem lærði það í æsku. Ljóðið er úr Krummavísu Jóns Thoroddsen.

<https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-def17a9c-50d4-4196-b456-3991843804f9>

Krummavísur í heild sinni: <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=387>

UM ÚTSETNINGUNA

Krummi er skemmtilegur og stríðinn fugl og útsetningin, sem er undir skandinavískum áhrifum, ber svip af því. Forslög og hlaup skreyta laglínurnar og fylgirödd 3 krunkar með.

Athugið:

-Taktskipti eru milli 6/8 og 2/4 en öll útsetningin er slegin í 2.

-Þessi útsetning er eina útsetningin í ARFINUM þar sem engin fylgirödd er alfarið á lausum streng. Hljóðfæraleikarar sem spila fylgirödd 1 þurfa því að ráða við einfaldar fingrasetningar.

ÆFINGAR OG UPPHITUN

Syngjum lögin, lærum kvæðin!!

1. Taktur og púls

Skiptum úr 6/8 í 2/4 í tvískiptum takti með sama púls

- a) Segjum og klöppum rytman: tríóla, tríóla, títí títí eða einn-og-svo, tveir-og-svo, einn-og, tveir-og
 b) Leikum á lausum streng, finnum púlsinn



- c) Leikum tónstiga með þessum rytma



osfrv.

2. Bogaeðing: „krunkum“ með boganum í froski

Undirbúum æfinguna vel:

- strengur að eigin vali
- gott bogagrip
- flatur bogi á streng
- stutt strok

- a) Dragið bogann þéttingsfast til ykkar og skrapið strenginn með boganum. Notið þunga handleggisins og handarinnar til að búa til krunkið.

- b) Prófið ykkur áfram með mismunandi rytma og hraða.

3. Forslög:

Spilum G dúr, eina áttund með mismunandi forslögum.

- Fiðlur, víólur og selló leika frá lausum G streng, bassar frá G á E streng. Þeir nemendur sem ekki eru byrjaðir að setja fingur geta haldið dróni á lausum G streng sem þjálfar (hljómræna) inntónun.

-Þessa æfingu má tónflytja í hvaða tóntegund sem er eftir eyranu.

- a)



osfrv.

b)



TILBRIGÐI

Hægt er að spila lögin í þeirri röð sem þau koma fyrir en líka má taka stök lög út úr syrpunni og flytja þau sér.